



Reykjavík, 9. október 2024

USK24090314

## UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa umhverfisgæða

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 25. september 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins leggur til að í þeirri ofanvatnstjörn sem koma á fyrir norðan við Breiðholtsbraut verði gerður hólmi í þeim tilgangi að búa fuglum öruggt griðland.*

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

*Í Reykjavík eru margar tjarnir, flestar manngerðar. Sumar tjarnir eru til að jafna streymi leysingavatns, eða og hindra að leysingavatn af götum fari beint t.d. út í Elliðaár, (settjarnir) en aðrar til að fegra umhverfið. Tjarnir þurfa umhirðu og þrif í kringum þær og mikilvægt er að gerður verði hólmi í tjarnir til að mynda friðland fyrir fugla. Hólmar eru í raun einn af fáum stöðum þar sem þeir eru í vari t.d. fyrir köttum.*

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 2. október 2024

### Umsögn:

Settjarnir eru fráveitumannvirki sem ætlað er að taka við yfirborðsvatni og er tilgangur þeirra að fella út eða tefja hugsanlega mengun áður en vatnið fer áfram í viðtaka sinn, sem er í þessu tilviki Elliðaár. Settjarnir eiga því að geta tekið við mengun sem er viðverandi í yfirborðsvatni eða vegna óvæntra atburða s.s. olúslysa.

Settjarnir eru mikilvægar til þess að stuðla að bættri vatnsvernd og virðast nýlegar rannsóknir benda til þess að þær geti stutt við líffræðilegan fjölbreytileika á byggðum svæðum. Hins vegar er megintilgangur þeirra mengunarvarnir.

Viðverutími vatns er lykilbreyta við að fella út hugsanlega mengun sem kann að vera í vatninu. Með hólma í settjörninni myndi rúmmál hennar minnka og þar með viðverutími vatnsins í tjörninni. Þá eru settjarnir gjarnan klæddar með dúk í botninn sem verður að vera heill. Ekki ljóst hvort heppilegt sé að setja hólma í tjarnir sem eru búnar til á þann



Reykjavík



veg, gera þyrfti ráð fyrir slíku þegar á hönnunarstigi. Hólmi gæti einnig gert erfiðara að hreinsa tjörnina en það þarf að gera reglulega.

Settjörnin við Breiðholtsbraut er á forræði Vegagerðarinnar og er ætlað að taka við ofanvatni frá mannvirkjum stofnunarinnar á svæðinu. Leitað var óformlegra viðbragða frá Vegagerðinni við tillögunni en þau höfðu ekki borist þegar umsögnin var rituð. Sömuleiðis var leitað óformlegra viðbragða frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sem taldi óheppilegt að laða fuglalíf að svæðum sem eru menguð. Styrkur mengandi efna í settjörnunum er hækkaður vegna hreinsihlutverks þeirra og geta þau efni haft áhrif á heilsu fugla.

Það er mat skrifstofu umhverfisgæða að ekki sé heppilegt að laða fuglalíf sérstaklega að svæðum sem eru hönnuð til þess að taka á móti mengun úr byggðu umhverfi.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillagan verði felld en áfram verði skoðaðar tjarnir þar sem til greina kemur að setja upp hólma.

Virðingarfyllst,  
Benedikt Traustason  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa umhverfisgæða*



**Reykjavík**